



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### **Efni: Húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs**

#### **Forsaga:**

Á fundi velferðarráðs þann 2. nóvember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um nýtt húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs:

Lagt er til að eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar verði falið að finna nýtt og stærra húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs þar til búið verður að byggja nýtt framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina. Einnig er lagt til að núverandi húsnæði að Laugarásvegi verði selt. Með vísan til ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur liggur fyrir að húsnæði Mánabergs er löngu sprungið og nýting á húsnæðinu 130%. Starfsemin er komin yfir þölmörk, auk þess sem húsnæðið er löngu komið til ára sinna. Búið er að samþykkja að byggt verði nýtt húsnæði fyrir Mánaberg og gert ráð fyrir því í 5 ára fjárhagsáætlun. Það hins vegar breytir ekki þeirri staðreynd að núverandi húsnæði er óviðunandi og ekki hægt að búa við núverandi stöðu í 5 ár til viðbótar. Barnavernd Reykjavíkur hefur nú þegar framkvæmt þarfagreiningu fyrir nýtt húsnæði og því ekkert að vanbúnaði með að fara án tafar í leit að tímabundnu húsnæði. Starfsemi og þjónusta Barnaverndar Reykjavíkur er ein af mikilvægustu grunnþjónustum sem að sveitarfélög veita og því gríðarlega mikilvægt að Barnavernd Reykjavíkur sé tryggt húsnæði svo hægt sé að veita þessa þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur og að áfram sé hægt að byggja upp þá faglegu þjónustu sem veitt er á Mánabergi.

Velferðarráð samþykkti svohljóðandi breytingartillögu:

Velferðarráð felur velferðarsviði í samráði við Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar að finna hentugra og hagkvæmara húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs til að brúa bilið þar til framtíðarhúsnæði sem er á fjárhagsáætlun er tilbúið.

#### **Greinargerð:**

Húsnæði Mánabergs (vistheimili barna) að Laugarásvegi er orðið of lítið og því er talið mikilvægt að flytja starfsemina í stærra húsnæði þar til að nýtt húsnæði hefur verið byggt.

Félagsbústaðir keyptu húsið að Laugarásvegi um mitt ár 2017 og hafa samþykkt þann möguleika að selja húsið og finna annað húsnæði sem hentar starfseminni til kaups eða leigu. Sú vinna er í gangi og búið er að skoða fasteignir sem gætu hentað. Húsnæðisteymi velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssvið, framkvæmdastjóri barnaverndar og forstöðumaður heimilisins eru að vinna að lausn málsins. Til grundvallar er stuðst við þarfagreiningu sem gerð var fyrir nýbyggingu Mánabergs.

Þegar úrræði er stofnað og flutt í einbýlishús sem ekki er byggt fyrir viðkomandi starfsemi liggur fyrir að gera þarf breytingar eins og t.d. varðandi starfsmanna- og eldhúsaðstöðu sem uppfyllir kröfur heilbrigðis- og vinnueftirlits m.t.t. starfsleyfis. Unnið er að því að meta hverju þarf að breyta og unnið er kostnaðarmat vegna breytinga og flutninga jafnóðum. Kostnaður vegna breytinga og flutninga rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.